



453.fundur Þingvallanefndar

Fundur haldinn á nefndarsviði Alþingis miðvikudaginn 20. febrúar 2019.

Mættir voru Ari Trausti Guðmundsson formaður, Vilhjálmur Árnason, Páll Magnússon, Líneik Anna Sævarsdóttir, Karl Gauti Hjaltason og Albertína Friðbjörg Elíasdóttir sem varamaður fyrir Guðmund Andra Thorsson. Hanna Katrín Friðriksson boðaði forföll.

Fundinn sátu einnig Einar Á.E.Sæmundsen þjóðgarðsvörður og Fanney Einarsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setur fund kl 11.30.

Dagskrá fundar:

1. Silfra: Umræða um burðarþolsgreiningu.
Gestir: Ólafur Árnason, Andra Yeoman og Nathan Reigner frá Eflu verkfræðistofu.
Farið yfir helstu niðurstöður og svarað spurningum frá nefndarmönnum. Efla mun vinna frekari verkáætlun um vöktun á ástandi og nýtingu.
2. Atvinnustefna fyrir þjóðgarðinn á Þingvöllum.
Þjóðgarðsvörður kynnti drög að lagafrumvarpi um atvinnustefnu í þjóðgarðinum á Þingvöllum og vinnu annarra stofnana vegna atvinnustefnu. Umræður.
3. Deiliskipulag í undirbúningi.
Þjóðgarðsvörður kynnti drög að skipulagslýsingu á svæði sem takmarkast af Hakinu og ós Öxarár að þjónustumiðstöð sem er það svæði sem er undir mestu álagi.

Ekki fleira gert og fundi slitið.